

"AUSTAN TÓRUR"

Bók eftir Jón Pálsson fræðapul
og þjóðkunnan af ýmsu sem
hann hefir áður ritað.

En þessi bók hans byrjar á æfisögum af þremur mönnum, Brandur í Roðgúl og af þeim feðgum Kolbeini í Ranakoti og Þorleifi syni hans á Háeyri.

Brandur í Roðgúl er mikill hagleiks og hæfileikamaður og var þriggiltur. Og niðja hans getið.

Síðasta kona Brands er Gróa Bjarnadóttir sem lifir síðast í ekkjudómi í elli sinni, fyrst hjá dóttir sinni og manni hennar og fór þangað með eignir sínar og afhendir þeim þær.

En svo deyr dóttir hennar. En til aukins réttar fyrir dótturbörn sín gerir hún enga kröfu í dánarbúið. Og er þá mjög orðin ellihrum og eignalaus.

Svo hún leitar þá til hreppstjórans um framfærslueyrir en hann synjar kröfu hennar. Og þá fer hún til prófastsins og biður hann að veita máli sínu fylgi. En sá guðsmaður sagðist ekki mundi gera það nema að sýslumaðurinn gæfi orð þar til.

Þetta er gott sýnishorn af mannúðarhneigð í kirkjuvalda kristninni og bendir — ásamt mörgu öðru — hvað kirkjuvalda kristnin hafði lítið lært og skilið af mannúðar og kærleiks kenningum Krists. Það sýnist að embættið og valdið yfir fólkinu, með föstu táknrænu formi væri öll kristnin til kirkjuvaldsins.

Og þó hafa prestarnir látist standa á öndinni yfir því. Hvaða andúð að kirkjan eigi að mæta hjá mörgum — eins góð (!) og hún sé þó — það aðeins hefir

4. Heimskringla, LIX. árg.
48. tbl. 29. ágúst 1945.

Austantórur. Bók eftir Jón Pálsson
fræðapul og þjóðkunnan af ýmsu því,
sem hann hefur áður ritað. Merkt: S.

WINNIPEG, 29. AGÚST 1945

gleymst að athuga hvað mikið að kirkjuvalda kristnina skorti til að vera kristin í verkunum.

En þessi Gróa Bjarnadóttir leitaði síðast til sýslumannsins.

En hverja áheyrn að hún hafi fengið þar er ekki getið.

En höfundurinn bara spyr: "Ef dygðin verðskuldar slík laun, hvað mun þá ódygðin eiga skilið?"

Þetta Kolbeins í Ranakoti er dálítið blandaður þjóðsagnablæ að sumu leyti. Sem gæti hafa verið grafið upp úr gleymsku vegna þess að hann er faðir hins þjóðkunnna mikilmennis Þorleifs á Háeyri.

Um Kolbein þann hefir það sannast að vera að ætt og uppruna úr Aðaldal í Þingeyjar-sýslu. Þó hann eyddi mestri æfi sinni nærri syðst í Árnessýslu.

En langmerkastur er þáttur Þorleifs á Háeyri, því hann sýnir: 1. Hvaða vitsmuna maður að Þorleifur hefir verið frá náttúrunnar hendi; 2. Hin frábæru hyggindi hans til auðsófnunar upp úr allsleysi; 3. Hvað hann er dásamlegur skipulagsmaður, hann er eins og hann hefði verið alinn upp við diplomatiskt skrifstofukerfi þessi alólærði maður sem vildi styðja alþýðumentun.

Einnig er þar uppskrift af dánarbúi Þorleifs. Og var það vel gert að birta þá skýrslu og munu margir fleiri en Árnesingar hafa gaman af að lesa það.

En bezta sönnunin fyrir hæfileikum Þorleifs er gjafabréf hans og skipulags skráin fyrir því til búnaðar framfara í Stokkseyrarhrepp. Hvað langsynn hagfræðingur hann hefir verið, og hvað hann hefir verið viss um að stofnun sjóða væri nauðsynleg til framtíðar framfara, sem þá var nálega óþekt á Íslandi. Einnig er niðja Þorleifs getið.

En um síðari part bókarinnar er ekki mikið að segja. Það eru mest veður athuganir höfundarins sjálfs af því víðáttumikla útsýni til veðurs sem hans heimahagar veittu honum. En sýnir frábæra athyglisgáfu hans og til þess notar hann einnig háttá breyting fugla, dýra, fiska, eftir veðurfari og litabreyting málma eftir veðri.

Guðni Jónsson undirbjó til prentunar og jók við skýringum.
S.